

# Menntaskóli Borgarfjarðar

## Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson  
Trausti Þorsteinsson

Gát sf  
2017

**Menntaskóli Borgarfjarðar**  
Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og  
menningarmálaráðuneyti

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2017.  
Menntaskóli Borgarfjarðar. Úttekt.  
Unnin að ósk Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.  
Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson  
ISBN 978-9979-0-2176-6

## Heildarniðurstöður

- Menntaskóli Borgarfjarðar er með annars konar stjórnskipan en almennast er í framhaldsskólum sem helgast af því að hann er einkahlutafélag.
- Yfirbygging MB er mjög lítil. Dagleg yfirstjórn er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Næsti yfirmaður skólameistara er formaður stjórnar eignarhaldsfélagsins en skólameistari er framkvæmdastjóri þess.
- Starfslýsing aðstoðarskólameistara ber með sér að honum er ætlað umfangsmikið faglegt hlutverk, ýmist einum eða í samstarfi við skólameistara. Mikil rekstrarleg ábyrgð hvílir á skólameistara enda er háskólamenntun hans á sviði viðskiptafræði og alþjóðaviðskipta auk kennsluréttinda.
- Ársskýrslur skólameistara um skólastarfið koma út reglulega og eru birtar á heimasíðu MB. Framsetning þeirra er skýr og þær veita notadrjúgar upplýsingar um lykiltölur og ýmsa aðra þætti skólastarfsins.
- Sjálfsmat hefur verið reglubundinn þáttur í starfsemi skólans frá upphafi og er í höndum aðstoðarskólameistara. Það byggir á greiningu á tölulegum gögnum úr upplýsingakerfi skólans, viðhorfskönnunum meðal nemenda og starfsmanna, matsfundum með nemendum og notkun gæðagreina.
- Námsframboð í Menntaskóla Borgarfjarðar er tiltölulega fábreytt. Grunnur þess eru þrjár bóknámsbrautir og áherslusvið innan þeirra. Allar námsleiðirnar eru vel skilgreindar á heimasíðu skólans. Faggreinamenntaðir kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í flestum áföngum.
- Menntaskóli Borgarfjarðar hefur notað leiðsagnarmat frá upphafi en formleg lokapróf í annarlök tíðkast ekki. Námsmatsdagar eru nýttir til kennslu. Gerð er krafa um að a.m.k. 50% af námsmati áfanga byggi á vinnu nemenda í kennslustundum.
- Notkun rafrænna námsgagna er mikil og námsumsjónarkerfið Moodle er almennt notað. Mjög vel er sinnt um viðhald tölvukerfis og tölvubúnaðar.
- Gott andrúmsloft ríkir í MB, jákvæðni og ánægja einkennir daglegt starf.
- Gildi skólans koma vel fram í skólanámskrá en óvíst er hversu skipulega er unnið með þau í daglegu starfi. Skólareglur eru skýrar og leggja áherslu á ábyrgð allra hlutaðeigandi aðila.
- Stjórn skólans styður við félagsstarf nemenda. Samstarf stjórnar nemendafélagsins og stjórnenda MB er gott.
- Búfræðisvið náttúrufræðibrautar er skipulagt í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og núverandi formaður skólanefndar MB er rektor Háskólans á Bifröst. Af þessu leiðir að tenging við háskólastigið í nærsamfélaginu er nokkur og dæmi eru um ferðir nemendahópa á Bifröst til þess að sækja fyrirlestra um afmörkuð viðfangsefni.
- Menntaskóli Borgarfjarðar hefur yfir að ráða fullnægjandi húsnæði fyrir þá starfsemi sem þar fer fram og vel það. Bókasafn er ekki til staðar í húsinu.
- Menntaskóli Borgarfjarðar hefur hvorki sett sér markmið um hvað teljast ásættanlegar framfarir í námi né heldur um ásættanlegt útskriftarhlutfall. Skólinn fylgist hins vegar vel með námsgengi nemenda sinna.
- Menntaskóli Borgarfjarðar á við talsverðan brotthvarfsvanda að stríða og óheimilar fjarvistir úr tímum eru sömuleiðis miklar.
- Innra skipulag Nemendafélags MB segir nokkuð til um það að nemendur hafa tileinkað sér ákveðin lýðræðisleg vinnubrögð. Stjórn félagsins er meðvituð um að henni ber að gæta hagsmuna nemenda gagnvart skólayfirvöldum og nemendur eru virkir aðilar að starfi Ungmennaráðs Borgarfjarðar.

## Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður .....	3
Inngangur .....	6
Menntaskóli Borgarfjarðar .....	8
Viðmið og vísbendingar .....	16
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag .....	16
1.1. Um stefnu og áætlanir .....	16
1.2. Um stjórnendur .....	16
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur .....	17
1.4. Um innra mat .....	17
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð .....	18
2.1. Um nám og kennslu .....	18
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur .....	18
2.3. Um námsmat .....	19
2.4. Um kennara .....	19
2.5. Um námsgögn .....	20
Þáttur 3: Samskipti og líðan .....	21
3.1. Um skólabrag .....	21
3.2. Um samskipti í skólastofunni .....	21
3.3. Um félagslíf nemenda .....	22
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn .....	22
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf .....	22
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	24
Þáttur 5: Lykilárangur .....	25
5.1. Um námsárangur .....	25
5.2. Um árangur í grunnþáttum .....	25
5.3. Um langtímaárangur .....	26
Viðauki .....	27
Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar) .....	27
Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar) .....	31
Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar) .....	33
Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar) .....	35
Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar) .....	36
Viðauki: Heimildir og tilvísanir .....	38

## Myndir

Mynd 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2013–2017. ....	8
Mynd 2. Fjöldi barna 10-16 ára í Borgarbyggð 1. jan. 2017 (Hagstofa Íslands). ....	9
Mynd 3. Skipurit Menntakóla Borgarfjarðar. ....	29

## Töflur

Tafla 1. Þróun í innritun nýnemenda að hausti 2013–2017. ....	9
Tafla 2. Aðsókn í fjarnám 2013–2017. ....	9
Tafla 3. Hvaðan koma nemendur, haust 2016 og vor 2017. ....	10
Tafla 4. Fjöldi dagskólanemenda á haustönn 2016 og vorönn 2017 eftir aldri og kynjum. ....	10
Tafla 5. Fjöldi innritaðra fjarnemenda haust 2016 og vor 2017 eftir aldri og kynjum. ....	11
Tafla 6. Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2013–2017 greind eftir kynjum. ....	11
Tafla 7. Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum 2013–2017. ....	12
Tafla 8. Fjarvistarskráning nemenda haust 2016 og vor 2017. ....	12
Tafla 9. Brotthvarf nemenda haust og vor 2013–2017. ....	12
Tafla 10. Starfsheiti, stöðugildi og fjöldi starfsmanna eftir kynjum að hausti 2017. ....	13
Tafla 11. Menntun kennara. ....	13
Tafla 12. Starfsmannavelta 2012–2017. ....	13
Tafla 13. Framkvæmd markmiða í viðauka með skólasamningi 2013–2017. ....	14

## Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður úttektar á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar (MB). Hún skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegar upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður úttektaraðila um fimm tilgreinda matsþætti samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytri úttektir á framhaldsskólum. Við matið er litið til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 25. ágúst 2017. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla.

Í samningi Menntamálastofnunar og Gátar sf. er úttekt á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verktaka beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnaður og lykilárangur. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Menntamálastofnunar.

Mat úttektaraðila grundvallast að miklu leyti á sjálfsmati MB sem gert var í aðdraganda ytri úttektar. Í bréfi Menntamálastofnunar til skólameistara MB, dags. 5. apríl 2017, var vísað til meðfylgjandi sjálfsmatsviðmiða stofnunarinnar þar sem segir m.a.:

Á háskólastigi er löng hefð fyrir því að fyrsti liður í ytra mati sé sá að krefja skóla um ítarlega sjálfsmatsskýrslu þar sem fjallað er um sömu efnisatriði og verða í framhaldinu tekin fyrir við ytra mat. Ytra mat felst þá í því að meta hversu vönduð og heiðarleg skýrslugjöfin er. Tilgangur heimsókna matsmanna til skóla og skýrslu um ytra mat snýst að verulegu leyti um að bregðast við og staðfesta það sem fram kemur í sjálfsmatsskýrslu skóla. Skóli fær skýrsludrög til athugunar áður en hún er birt opinberlega. Með þessu móti verður „samræða“ milli skóla og ytri matsaðila mun markvissari en ef skólaheimsókn er óundirbúin.

Á öðrum stað í leiðbeiningunum segir um þátttakendur í sjálfsmati skóla:

Mikilvægt er að sem flestir sem láta sig varða um starfsemi skóla komi að sjálfsmati á einn eða annan hátt, svo sem með því að móta áherslur í sjálfsmatinu, svara spurningakönnunum eða sitja í sjálfsmatshópi. Mikilvægt er að fulltrúar allra hópa innan skólans og helstu hagsmunaaðila utan hans komi að sjálfsmatinu til þess að skólinn sé metinn frá mismunandi sjónarhólum; nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk. Einnig ætti að fá utanaðkomandi hagsmunaaðila, s.s. foreldra, fulltrúa grunnskóla á svæðinu, háskólasamfélagsins eða atvinnulífs, til að taka þátt.

Á þetta var minnt í nefndu bréfi Menntamálastofnunar og sagt að leiðbeiningunum sé ætlað „að auðvelda skólum að taka saman sjálfsmatsskýrslu í tilefni af ytri úttekt.“ Stofnunin mælti loks fyrir um að sjálfsmatsvinnu MB yrði lokið og útfylltum viðmiðum skilað til hennar í síðasta lagi 1. september 2017.

Þessi fyrirmæli fóru einhverra hluta vegna framhjá skólameistara MB og þegar úttektaraðilar gengu eftir sjálfsmati skólans nokkru áður en kom til boðaðrar heimsóknar þeirra í skólann í september 2017 varð uppskátt að matið hafði ekki verið unnið. Það var síðan gert með hraði á þann hátt að skólameistari skipti kennurum í tveggja til þriggja manna hópa og fól hverjum þeirra að meta einn hinn fimm meginþátta sjálfsmatsskýrslunnar. Skólameistari tók

sjálfur þátt í einum þessara hópa en ekki aðrir stjórnendur. Af þessu leiðir að aðeins einn skilgreindra aðila, kennarar, kom að matinu en hvorki nemendur né aðrir starfsmenn skólans. Hvað þá aðilar utan veggja MB. Í viðtölum á vettvangi kom fram að lítið var stuðst við fyrirbyggjandi gögn en þó eitthvað. Af þessu er ljóst að umtalsverðir ágallar voru á framkvæmd sjálfsmats MB haustið 2017 og ber að hafa það í huga við lestur þessarar matsskýrslu.

Gagnaöflun úttektaraðila fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dags. 4. maí 2017 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist vel. Í þriðja lagi fóru úttektaraðilar í heimsókn í skólann dagana 25. og 26. september. Markmiðið var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda.

Viðtöl voru tekin við samtals 29 einstaklinga, suma oftast en einu sinni þar sem þeir gegna fleirum en einu hlutverki innan skólans: Skólameistara, aðstoðarskólameistara, formann skólanefnar, fjármálastjóra, skólafulltrúa, verkefnisstjóra innra mats, matráð, umsjónarmann tölvukerfis, náms- og starfsráðgjafa, kennslustjóra starfsbrautar, húsvörð, ræsti, stjórn nemendafélags og félagsmálafulltrúa, fulltrúa í foreldraráði. Auk þess voru tekin rýniviðtöl við hópa kennara og nemenda. Leitað var eftir því við formann nemendafélagsins að boða stjórn félagsins til viðræðna við úttektaraðila og jafnframt að annast myndun rýnihóps nemenda. Vegna smæðar skólans var hins vegar ákveðið að boða alla kennara hans til sameiginlegs samtals.

Niðurstöður úttektarinnar skiptast í tvo aðalkafla. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um MB. Meðal annars er fjallað um fjölda nemenda og þróun aðsóknar að skólanum, samsetningu nemendahópsins, brotthvarf, námsbrautir og brautskráningu. Einnig er fjallað um kennara skólans, fjölda þeirra, menntun, starfsmannaveltu og starfsaldur. Þar á eftir er greint frá því hvernig unnið hefur verið í ljósi markmiða sem fylgdu skólasamningi 2013–2017 og loks er greint frá viðbrögðum skólans við þeim tillögum að umbótaaðgerðum sem settar voru fram í ytri úttekt er gerð var á starfsemi MB árið 2011 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í síðari aðalkaflanum er mat úttektaraðila á þáttunum fimm: stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og aðbúnaði og lykilárangri. Matið er sett fram í formi greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta á hverjum þætti um sig. Að auki er mat lagt á hversu vel fullyrðingar, svonefndar vísbendingar, sem settar eru fram af hálfu Menntamálastofnunar, eiga við í ólíkum viðföngum innan hvers þáttar. Hverri fullyrðingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða sem hér segir:

- A. *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- B. *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- C. *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- D. *Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Við framsetningu á mati þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Skáletraðir textar settir fram í römmum með gráleitum bakgrunni eru orðrétt viðmið sem koma frá Menntamálastofnun/mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Við mat á einstökum fullyrðingum eru þrenns konar merkingar notaðar:
  - X merkir að mat matsaðila í MB og ytri matsaðila er samhljóða.
  - S merkir mat matsaðila í MB þegar mat þeirra og ytri matsaðila fer ekki saman.
  - M merkir mat ytri matsaðila þegar mat þeirra og matsaðila í MB fer ekki saman.
- Í stöku tilvikum leggja úttektaraðilar ekki mat á tiltekna fullyrðingar og stendur þá S eitt við fullyrðinguna.

Viðmælendum og öðrum þeim sem veittu upplýsingar er þökkuð aðstoðin.




## Menntaskóli Borgarfjarðar

Menntaskóli Borgarfjarðar (MB) er sjálfstætt starfandi framhaldsskóli og starfræktur sem einkahlutafélag sem stofnað var til árið 2006. Skólinn hóf starfsemi sína haustið 2007 og frá upphafi hefur áhersla verið lögð á bóknámsskóla með þriggja ára nám til stúdentsprófs auk framhaldsskólabrautar og fjögurra ára starfsbrautar. Skólinn er fámennur og einkennist af persónulegum samskiptum. Einkunnarorð skólans eru Sjálfstæði – Færni – Framfarir. Leitast er við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

MB hefur framsækni að leiðarljósi og hefur frá upphafi farið lítt troðnar slóðir í kennsluháttum og námsmati. Engin lokapróf eru við skólann en þess í stað er áhersla lögð á leiðsagnarmat sem fólgið er í verkefnavinnu og smærri prófum. Á undanförunum árum hefur MB tekið þátt í að auka og efla samstarf við aðra framhaldsskóla á Vesturlandi, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Vesturlands, auk þess sem skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum. Skólinn er í samstarfi við skóla á hinum Norðurlöndunum um styrki til þróunarstarfs og gagnkvæmra námsferða.

### Nemendur

Meðalfjöldi nemenda í MB síðastliðin fimm ár, haust og vor, er 142 nemendur. Flestir voru nemendurnir haustið 2013 eða 157, en færstir voru 130. Á tímabilinu hefur verið tilhneiging til fækkunar nemenda eins og sjá má á mynd 1.




Mynd 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2013–2017.

Árið 2013 voru innritaðir 64 nýnemar en frá því hefur þeim heldur fækkað svo haustið 2017 voru nýnemendur 49 (tafla 1).

Tafla 1. Þróun í innritun nýnemenda að hausti 2013–2017.

Ár	Karlar	Konur
2013	24	40
2014	26	25
2015	26	31
2016	30	23
2017	24	25

Ef skoðaður er fjöldi 10–16 ára barna í sveitarfélaginu Borgarbyggð má sjá að yngri árgangarnir eru heldur stærri en þeir eldri. Því má reikna með að fjölgi að nýju í nemendahópi MB úr Borgarbyggð eftir nokkur mögur ár þar sem sveitarfélagið er stærsta upptökusvæði skólans (mynd 2).



Mynd 2. Fjöldi barna 10-16 ára í Borgarbyggð 1. jan. 2017 (Hagstofa Íslands).

MB býður upp á fjarnám og hefur aðsókn í það farið vaxandi ár frá ári. Mest var aðsóknin vorið 2016 eða 21 nemandi og haustið 2017 voru 15 nemendur skráðir í fjarnám við skólann (tafla 2).

Tafla 2. Aðsókn í fjarnám 2013–2017.

	Fjöldi skráðra	Skráðir til prófs	Hlutfall til prófs	Ársnemar
Vor 2014	8	8	100%	2,2
Haust 2014	7	7	100%	2,1
Vor 2015	6	6	100%	2,9
Haust 2015	8	8	100%	4
Vor 2016	21	21	100%	8,3
Haust 2016	15	15	100%	6
Vor 2017	13	13	100%	4,2
Haust 2017	15			

Athygli vekur hve hátt hlutfall skráðra nemenda skrá sig til prófs eða 100% allar annirnar sjö.

Eins og nærri má geta kemur langstærsti hópur nemenda úr Borgarnesi og öðrum byggðum Borgarbyggðar. Haustið 2016 voru dagskólanemendur þaðan tæplega átta af hverjum tíu og

svipað hlutfall vorið 2017. Aðrir dagskólanemendur koma að stærstum hluta af vesturhluta landsins frá Reykjanesi til og með Norðurlandi vestra, flestir þeirra af Snæfellsnesi og úr Búðardal. Nemendur í fjarnámi dreifast meira um landið og haustið 2016 voru 43% fjarnemenda úr Borgarbyggð en 25% vorið 2017. Á sama hátt var stór hópur vorið 2016 af Snæfellsnesi og úr Búðardal en hlutur þeirra minnkaði talsvert haustið 2017 og voru þeir þá aðeins 25% hóps nemenda í fjarnámi (tafla 3).

Tafla 3. Hvaðan koma nemendur, haust 2016 og vor 2017.

Landshluti	Haust 2016				Vor 2017			
	Dagskóli		Fjarnám		Dagskóli		Fjarnám	
Reykjavík	5	3,8%	1	7,1%	5	4,1%	1	8,3%
Nágrenni Reykjavíkur	2	1,5%		0,0%	2	1,6%		0,0%
Suðurnes		0,0%	1	7,1%		0,0%		0,0%
Vesturland	117	89,3%	10	71,4%	106	86,2%	7	58,3%
Vestfirðir	4	3,1%		0,0%	4	3,3%		0,0%
Norðurland vestra	3	2,3%		0,0%	5	4,1%	1	8,3%
Norðurland eystra		0,0%	1	7,1%		0,0%		0,0%
Austurland	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	2	16,7%
Suðurland	0	0,0%	1	7,1%	1	0,8%	1	8,3%
<b>Samtals</b>	<b>131</b>		<b>14</b>		<b>123</b>		<b>12</b>	

Um 85% nemendahóps MB í dagskóla er á aldrinum 20 ára og yngri. Á haustönn 2016 var jafnt hlutfall karla og kvenna í skólanum en á vorönn 2017 voru konur orðnar nokkru fleiri en karlar (tafla 4).

Tafla 4. Fjöldi dagskólanemenda á haustönn 2016 og vorönn 2017 eftir aldri og kynjum.

Fæðingarár	Haust 2016		Vor 2017	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1992>	4	10	1	12
1993		1	1	1
1994		1		1
1995	3	1	2	1
1996		2		2
1997	3	5	4	6
1998	15	14	13	13
1999	17	17	13	17
2000	23	11	21	12
2001		3	1	3
<b>Samtals</b>	<b>65</b>	<b>65</b>	<b>56</b>	<b>68</b>

Konur eru í meirihluta innritaðra nemenda í fjarnám. Vorið 2017 voru einungis þrjú karlar innritaðir í fjarnám en fjölgaði haustið 2017 í sjö meðan konur héldu nokkuð sínum hlut (tafla 5).

Tafla 5. Fjöldi innritaðra fjarnemenda haust 2016 og vor 2017 eftir aldri og kynjum.

Fæðingarár	Vor 2017		Haust 2017	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1992>	1	2	4	3
1993	1	0	1	1
1996	0	3	0	3
1997	0	2	0	1
1998	1	3	0	1
1999	0	1	1	0
2000	0	0	1	0
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>11</b>	<b>7</b>	<b>9</b>

### Námsbrautir

Nám í MB skiptist í megindráttum á þrjár námsbrautir, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og opna braut. Á náttúrufræðibraut geta nemendur valið um þrjú áherslusvið, hefðbundna áherslu á náttúrufræði, íþróttir og búfræði sem skipulögð er í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Á félagsfræðabraut er boðið upp á tvö áherslusvið, hefðbundið nám í félagsfræði og íþróttir. Á opinni braut geta nemendur sjálfir valið sína áherslu í náminu. Til viðbótar þessu býður skólinn upp á framhaldsskólabraut þar sem áhersla er á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut, annað nám eða eftir atvikum þátttöku í atvinnulífi. Þá er starfrækt við skólann fjögurra ára starfsbraut. Aðsókn á námsbrautir skólans má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2013–2017 greind eftir kynjum.

Námsbrautir	2013		2014		2015		2016		2017	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Félagsfræðabraut	24	50	17	41	12	37	22	33	13	25
Félagsfræði – íþróttasvið	4	6	7	6	8	5	3	0	2	0
Framhaldsskólabraut	6	5	5	3	9	5	9	2	9	4
Grunnskólabraut	0	7	6	4	2	2	0	3	1	0
Náttúrufræðibraut	21	8	13	14	13	17	13	18	17	16
Náttúrufræði – búfræðisvið	4	4	4	3	3	4	6	7	5	6
Náttúrufræði – íþróttasvið	9	0	12	3	7	4	4	1	0	0
Starfsbraut	4	4	4	2	6	0	7	1	4	2
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0	0	2	2	3	0	1	0	1
Opin braut	0	0	1	0	0	0	0	3	3	12
Íþróttabraut – félagsfræðasvið	0	0	0	0	0	0	4	2	6	0
Íþróttabraut – náttúrufræðisvið	0	0	0	0	0	0	4	2	5	4
<b>Samtals</b>	<b>73</b>	<b>84</b>	<b>69</b>	<b>78</b>	<b>62</b>	<b>77</b>	<b>72</b>	<b>73</b>	<b>65</b>	<b>70</b>

Meðalstærð námshópa í Menntaskóla Borgarfjarðar á haustönn 2016 voru 18 nemendur og 16 nemendur á vorönn 2017. Í þeim útreikningi eru allir áfangar skólans sem kenndir voru á önnunum að frátöldum áföngum starfsbrautar.

### Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2012–2017

Námstími nemenda við brautskráningu er að jafnaði þrjú skólaár (6 annir). Í hverju skólaári eru 180 dagar sem skiptast í haust- og vorannir. Frá árinu 2013 hafa 107 nemendur brautskráðst frá MB með stúdentspróf, níu með viðbótarnám til stúdentsprófs og sex af starfsbraut. Flestir eru stúdentarnir brautskráðir af félagsfræðabraut (tafla 7).

Tafla 7. Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum 2013–2017.

Heiti námsbrautar	2013		2014		2015		2016		2017
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Félagsfræðabraut	8		16	1	7		12		12
Félagsfræðabraut – íþróttasvið					2		2		1
Náttúrufræðibraut	11		8	1	4		4	3	2
Náttúrufræðibraut – búfræðisvið					1		2		
Náttúrufræðibraut – íþróttasvið					4		3		3
Viðbótarnám	2		1		2		3		1
Starfsbraut			2		2				2
<b>Samtals</b>	<b>21</b>		<b>27</b>	<b>2</b>	<b>22</b>		<b>26</b>	<b>3</b>	<b>21</b>

### Mætingar og brotthvarf úr skóla

Í skólasóknarreglum MB segir að nemendur skuli sækja stundvíslega allar kennslustundir. Mæti nemandi of seint í kennslustund fær hann hálf tíg, mæti nemandi meira en 10 mínútum of seint fær hann eitt tíg. Til að nemandi eigi vísa skólavist á næstu önn þarf hann að hafa skólasókn sem nemur 85% og til að standast áfanga þarf hann að hafa 85% skólasókn í þeim áfanga. Standist nemandi ekki viðmið um skólasókn er skólameistara heimilt að víkja honum úr námi enda hafi nemandinn fengið viðeigandi viðvaranir. Fátítt er að grípa þurfi til svo harðra aðgerða.

Skólaárið 2016–2017 var fjarvistarskráning sem hlutfall af heildartímafjölda með eftirfarandi hætti (tafla 8).

Tafla 8. Fjarvistarskráning nemenda haust 2016 og vor 2017.

Ástæða	Haust 2016	Vor 2017
Veikindi	6%	6%
Of seint	0,30%	0,37%
Leyfi	4%	5%
Skröp	21%	22%

Síðastliðin þrjú ár hefur brotthvarf frá námi í MB verið í kringum 6% að meðaltali hvert ár. Brotthvarið er mun meira á vorönn en haustönn (tafla 9).

Tafla 9. Brotthvarf nemenda haust og vor 2013–2017.

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2013	0,6	4,4	2,5
2014	2,7	10,1	6,4
2015	2,1	9,2	5,7
2016	5,5	6,3	5,9
2017		9,4	

### Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks haust 2016

Alls var 21 starfsmaður á launaskrá við Menntaskóla Borgarfjarðar á haustönn 2017 en nokkrir gegna tveimur og jafnvel þremur hlutverkum og því virðast starfsmenn vera 25 sé horft á töflu 10. Fjármálastjóri er t.d. bæði fjármálastjóri og kennari, aðstoðarskólameistari er aðstoðarskólameistari og kennari og kerfisfræðingurinn er að auki húsörður og kennari. Konur eru í

nokkrum meirihluta meðal starfsmanna skólans og skipa þær allar stjórnunarstöður skólans (tafla 10).

Tafla 10. Starfsheiti, stöðugildi og fjöldi starfsmanna eftir kynjum að hausti 2017.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari			1	1,00
Aðstoðarskólameistari			1	0,90
Fjármálastjóri			1	0,75
Skólafulltrúi			1	1,00
Framhaldsskólakennari	7	4,82	7	4,54
Kerfisfræðingur og félagsmálafulltrúi	1	0,72		
Náms- og starfsráðgjafi			1	0,40
Kennslustjóri starfsbrautar			1	1,00
Húsvörður	1	0,20		
Ræstitæknir			1	1,00
Matráður			1	0,80
Aðstoð í eldhúsi			1	0,30
<b>Samtals</b>	<b>9</b>	<b>5,74</b>	<b>16</b>	<b>11,69</b>

Engir stundakennarar störfuðu við skólann á haustönn 2016 né heldur á vorönn 2017.

### Menntun kennara

Langflestir kennarar MB eru menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna. Flestir þeirra hafa BA/BS-próf auk kennsluréttinda, þrír hafa doktorspróf auk kennsluréttinda og þá hafa þrír kennarar meistarapróf auk kennsluréttinda. Tveir kennarar skólans hafa háskólapróf án þess að hafa lokið námi til kennsluréttinda (sjá töflu 11).

Tafla 11. Menntun kennara.

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	3
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	3
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	6
Háskólapróf án kennsluréttinda	2
<b>Samtals</b>	<b>14</b>

### Starfsaldur og starfsmannavelta

Starfsaldur kennara við MB er að meðaltali 4,6 ár og starfsaldur þeirra við aðra skóla er 6,5 ár að meðaltali.

Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil. Breytingar í starfsmannatali skýrast einna helst af ráðningum til skemmri tíma. Ráðningar eru breytilegar eftir önnum og þörfinni hverju sinni (tafla 12).

Tafla 12. Starfsmannavelta 2012–2017.

	2012–2013	2013–2014	2014–2015	2015–2016	2016–2017
Fjöldi starfsmanna	26	25	23	22	22
Hættu í janúar	2	3	3	1	0
Hættu í júní	8	5	3	4	5
Hófu starf í janúar	5	1	1	1	3
Hófu starf í ágúst	4	7	4	3	3

Fjöldi starfsmanna í töflu 12 er meðalfjöldi starfsmanna á haust- og vorönn hvert skólaár.

## Forfallakennsla

Það er jafnan lítið um forföll kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar en á vorönn 2017 var einn kennari sem átti við langvarandi veikindi að etja og annar sem var frá vegna aðgerðar. Sá fyrrnefndi var frá í 76 kennslustundir en forfallakennari var fenginn í 52 kennslustundir af þessum 76 auk þess sem hann stýrði námshópunum þess utan gegnum kennslukerfið Moodle, setti fyrir verkefni, fór yfir verkefni og gaf einkunnir. Sá síðarnefndi var í burtu 40 kennslustundir á tveggja vikna tímabili og fenginn var forfallakennari allan þann tíma. Önnur forföll kennara sem til komu vegna andláts í fjölskyldu, veikinda, veikinda barna, leyfa, námskeiða og fleiri þátta voru 170 kennslustundir.

## Markmið í viðauka með skólasamningi 2013–2017

Í viðauka með skólasamningi 2013–2017 eru tilgreind sjö markmið sem skólinn setti sér að vinna að á samningstímanum. Í greinargerð skólans kemur fram að unnið hefur verið að markmiðunum eins og sjá má í töflu 13.

Tafla 13. Framkvæmd markmiða í viðauka með skólasamningi 2013–2017.

<ol style="list-style-type: none"><li>1. Að innleiða aðalnámskrá í allt starf skólans. Búið er að tilraunakenna endurskoðaðar námsbrautir skólans skólaárið 2012–2013 skv. fyrri markmiðum. Allar námsbrautir og áfangalýsingar eru í stöðugri endurskoðun í námskrárgrunni. Áfram er unnið markvisst að samþættingu grunnþátta aðalnámskrár í námi og kennslu í MB.</li><li>2. Að efla gæði kennslunnar. Markmið um að auka notkun kennara á kennslukerfi skólans (Moodle) úr 66% í 75% náðist og var orðin 77% á vorönn 2015. Árangur hefur verið og verður áfram mældur í kennslumati og með gæðagreinum.</li><li>3. Að skólinn endurskoði sérstöðu sína. Unnið var í stefnumótun skólaárið 2013–2014 þar sem m.a. var haldinn fundur með hagsmunaaðilum skólans og unnið úr hugmyndum sem þar komu fram.</li><li>4. Að auka fjölbreytni námsins. MB mun áfram gera sitt besta til að bjóða upp á eins fjölbreyttar valgreinar og hugsast getur miðað við stærð skólans. Kennarar eru hvattir til að smíða námskeið og hvetja nemendur til þátttöku.</li><li>5. Að marka stefnu um þjónustu bókasafns við nemendur. Málefni bókasafns eru óbreytt. MB er í samstarfi við Borgarbyggð um aðgang að bæjarbókasafninu er tryggir nemendum MB aðgang að fjölbreyttum bókakosti.</li><li>6. Að marka stefnu um fyrirkomulag heimavistar. Síðan upphafleg markmið með núgildandi skólasamningi voru gefin út í viðauka við skólasamning hefur skólinn ásamt Borgarbyggð fest kaup á tveimur íbúðum sem notaðar eru sem nemendagarðar. Önnur íbúðin er fyrir stúlkur og hin fyrir drengi. Hvor íbúð um sig rúmar fjóra nemendur.</li><li>7. Að fylgja eftir áætlun um sjálfsmat skólans. Áfram verður unnið að því að fylgja áætlun um sjálfsmat skólans eins og verið hefur.</li></ol>
---

## Umbætur í ljósi ytri úttektar 2011

Ytri úttekt var gerð á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar árið 2011 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar voru settar fram sjö tillögur að aðgerðum sem skýrsluhöfundar töldu að þyrfti sérstaklega að huga að innan stofnunarinnar. Í kjölfar þeirra ábendinga hefur skólinn unnið sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

- Stofnuð hefur verið námsbraut sem ber heitið náttúrufræðibraut – búfræðisvið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri auk þess sem íþróttabrautir hafa verið stofnaðar á félagsfræðasviði og náttúrufræðisviði.
- Unnið hefur verið með grunnþætti menntunar og er það verkefni skilgreint á heimasíðu skólans.
- Stofnað hefur verið til aukins samstarfs milli framhaldsskólanna á Vesturlandi, MB, FVA og FSN. Kennarar skólanna hittast og hafa tækifæri til að ræða um kennslu í sínum greinum.
- Breytingar hafa verið gerðar á kynningarmálum skólans en MB hefur m.a. tekið þátt í stærri framhaldsskólakynningum til að gera skólann sýnilegri.
- Skólinn hefur verið að endurskoða sérstöðu sína og unnið var að aðgerðaráætlun á haustönn 2017 þar sem margir þættir eru fléttaðir saman.
- Stjórnendur MB hafa haft það að markmiði að efla tækninotkun í skólanum og á haustönn 2016 var tölvuumsjónarmaður/kerfisstjóri ráðinn til skólans ásamt því að gegna starfi félagsmálafulltrúa og annast kennslu í upplýsingatækni.
- Námsmatsaðferðir eru alltaf til umræðu en tölvumál og námsmatsaðferðir þurfa að vera í stöðugri skoðun að mati starfsmanna.
- Árið 2014 voru fest kaup á nemendagörðum ásamt Borgarbyggð. Þar er pláss fyrir fjórar stúlkur og fjóra drengi í sitt hvorri íbúðinni og hafa þessi pláss yfirleitt verið fullnýtt en þó ekki alltaf. Ekki er talin þörf á fleiri nemendagörðum að svo stöddu.
- Starfsbraut skólans hefur verið endurskoðuð bæði hvað varðar húsnæði og brautarlýsingu og hefur hún verið samþykkt í námskrárgrunn mennta- og menningar- málaráðuneytis.
- Hvorki stendur til að verða við ábendingum um að koma upp virku skólabókasafni sem þjónar nemendum og kennurum né heldur að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing til skólans. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar heldur áfram að þjónusta nemendur og kennara MB.



## Viðmið og vísbendingar

### Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

**Viðmiðanir:** Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

### Mat á stjórnun og skipulagi:

#### 1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónusta, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		X		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		X		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		X		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		X		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	S	M		

#### 1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.		S	M	
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	S	M		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S		M	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	X			

### 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	X			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.		X		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	X			

### 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	X			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	X			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	S	M		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	X			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	X			
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	X			

## Páttur 2: Kennsla og námsframboð

**Viðmiðanir:** Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Mat á kennslu og námsframboði:

#### 2.1. Um nám og kennslu

*Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.*

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.		X		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	S	M		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	S	M		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		X		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	S	M		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	X			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		X		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		X		

#### 2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

*Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.*

### Vísendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	X			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	X			

### 2.3. Um námsmat

*Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólasterfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.*

### Vísendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	M	S		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	X			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	X			

### 2.4. Um kennara

*Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.*

### Vísendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	X			
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.		M		S
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		X		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		M		S

## 2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		X		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	X			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	X			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		X		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	X			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.				X

### Þáttur 3: Samskipti og líðan

**Viðmiðanir:** Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### Mat á samskiptum og líðan:

##### 3.1. Um skólabrag

*Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.*

##### Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	X			
45. Nemendum líður vel í skólanum.		X		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	X			

##### 3.2. Um samskipti í skólastofunni

*Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að hjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.*

##### Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		X		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		X		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		X		

### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir nemendur.		X		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	X			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	X			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	M	S		

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	S		M	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	S		M	
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.		X		

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða prepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	X			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.	S	M		
59. Skráð og virk tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		X		



## Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

**Viðmiðanir:** Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Mat á húsnæði og aðbúnaði:

#### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	X			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	S	M		
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	X			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	M	S		
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	X			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	X			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	X			

## Páttur 5: Lykilárangur

**Viðmiðanir:** Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	S	M		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		X		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		S	M	

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	S			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		S		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		X		
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		X		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	S			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		X		

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma. Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	S		M	
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		S		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		X		

## Viðauki

### Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar)

Menntaskóli Borgarfjarðar (MB) starfar á grundvelli aðalnámskrár og laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og þeirra hlutverka sem þar eru skilgreind. Skólinn hefur sett sér ítarlega stefnu sem birt er á heimasíðu hans. Þar segir meðal annars um megináherslur og framtíðarsýn:

#### Megináherslur

- Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.
- Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.
- Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

#### Framtíðarsýn

##### *Nám og og gæði kennslu*

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.
- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

##### *Nemendur*

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð líðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.
- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólasterfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.

##### *Stjórnun*

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar

Þessi atriði eru nánar útfærð með allmörgum undirmarkmiðum og klykkt er út með því að skilgreina sérstöðu skólans, væntanlega með hliðsjón af öðrum sambærilegum skólum. Þau atriði sem talin eru sérkenna MB eru eftirfarandi: Skólinn er lítill og persónulegur; Stúdentsprófi lýkur að jafnaði á þremur árum; Skólaárið er 180 starfsdagar nemenda; Formleg annarpróf eru ekki til staðar; Leiðsagnarmat er í öllum áföngum; Nemendur fá endurgjöf á nám sitt og vinnu á fimm vikna fresti (vörður) og í verkefnum; Mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu; Skólinn leitast við að nota upplýsingatækni þar sem kostur er.

Vegna þeirra breytinga sem víða hafa orðið innan framhaldsskólakerfisins á undanförunum árum er óhætt að fullyrða að sérstaða MB í flestum þessara þátta sé naumast lengur til staðar.

Stefnu MB er fylgt eftir með þremur sjálfstæðum og greinargóðum stefnuskjölum, þ.e. starfsmanna-, jafnréttis- og heilsustefnu. Þeim til viðbótar eru áfalla-, eineltis-, neyðar- og öryggisáætlanir að ógleymdri sjálfsmatsáætlun. Þessar stefnur eru allar birtar sem sérskjöl en einnig í heildstæðri skólanámskrá sem aðgengileg er á heimasíðu. Þar eru jafnframt

móttökuáætlanir fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og nemendur sem glíma við námserfiðleika.

Í athugasemdum þess vinnuhóps kennara sem fjallaði um stjórnun og skipulag í MB segir að starfsfólk sé í vafa um hvort skólastefnan sé skýr, það séu ekki allir sammála um hver hún sé og „því varla hægt að segja að hún endurspeglar í öllum starfsháttum skólans.“ Þar segir jafnframt að starfshópur vinni að því að skerpa línur og samræma vinnubrögð og í samtali við skólameistara kom fram að á borði hans er í vinnslu aðgerðaráætlun sem síðan verður borin undir stjórn skólans til umræðu og samþykktar.

Menntaskóli Borgarfjarðar er með annars konar stjórnsýslu en almennast er í framhaldsskólum sem helgast af því að hann er einkahlutafélag. Stærsti einstaki hluthafinn er sveitarfélagið Borgarbyggð en flestir aðrir hluthafar eru einstaklingar og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Um stjórn skólans segir svo á heimasíðu:


Stjórn skólans skipa fimm einstaklingar kosnir á hluthafafundi. Stjórnin fer með málefni skólans og skal sjá um að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi sbr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Stjórn skólans ræður skólameistara, hann ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfi skólans. Hann gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Skólameistari ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og hefur frumkvæði að vinnu við skólanámskrá og umbótastarfi innan skólans. ... Skólanefndin er skipuð sömu fimm einstaklingum og kosnir eru í stjórn skólans auk þess sem í skólanefndinni eiga sæti þrjú áheyrnarfulltrúar, einn tilnefndur af Nemendafélagi Menntaskóla Borgarfjarðar, einn tilnefndur af kennarafundi og einn af foreldraráði.

Skipurit MB speglar þessa lýsingu (sjá næstu síðu) og þar sést að yfirbygging stofnunarinnar er mjög lítil. Dagleg yfirstjórn er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara en starfsheiti áfangastjóra er hvergi að finna og fjármálastjóri er ekki hluti af yfirstjórn skólans. Skipuritið tilgreinir skólaráð í samræmi við fyrirmæli laga og upplýsingar um skipan þess eru á heimasíðu en fram kom í samtölum við skólameistara að það er nær aldrei kallað saman. Skipuritið nær til starfsheita og skipulagseininga innan skóla en það tilgreinir hvergi mennta- og menningarmálaráðherra, væntanlega á þeim forsendum að ráðningarmál stofnunarinnar koma ekki til kasta hans. Næsti yfirmaður skólameistara er formaður stjórnar eignarhaldsfélagsins, Menntaskóla Borgarfjarðar, en skólameistari er framkvæmdastjóri þess.

Stjórn skólans og skólanefnd funda reglulega og upplýsingar um skipan hvoru tveggja eru á heimasíðu. Fundargerðir þeirra eru það hins vegar ekki.

Starfsmannalýsingar eru í skólanámskrá. Starfslýsing aðstoðarskólameistara ber með sér að honum er ætlað umfangsmikið faglegt hlutverk, ýmist einum eða í samstarfi við skólameistara. Í samtölum á vettvangi kom fram það álit margra starfsmanna að núverandi skólameistari hafi meiri áhuga á rekstrarsviðinu en innra faglegu starfi og því hvíli forysta á þeim vettvangi fyrst og fremst á staðgengli hans. Sama sjónarmið er staðfest í athugasemdum vinnuhóps kennara með sjálfsmati skólans. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að mikil rekstrarleg ábyrgð hvílir á skólameistara og að háskólamenntun hans er á sviði viðskiptafræði og alþjóðaviðskipta auk kennsluréttinda.

Ársskýrslur skólameistara um skólastarfið koma út reglulega og eru birtar á heimasíðu MB. Framsetning þeirra er skýr og þær veita notadrjúgar upplýsingar um lykiltölur og ýmsa aðra þætti skólastarfsins.



Mynd 3. Skipurit Menntakóla Borgarfjarðar.

Sjálfsmatsnefnd er engin í MB en sjálfsmat hefur engu að síður verið reglubundinn þáttur í starfsemi skólans frá upphafi og er í höndum aðstoðarskólameistara. Það byggir á greiningu á tölulegum gögnum úr upplýsingakerfi skólans, viðhorfskönnunum meðal nemenda og starfsmanna, matsfundum með nemendum og notkun gæðagreina (How good is our school?). Skólapúlsinn er ekki notaður. Aðstoðarskólameistari vinnur úr gögnum og skrifar sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Sú síðasta tekur til skólaársins 2016–2017 og þar er meðal annars birt sundurliðuð sjálfsmatsáætlun fyrir tímabilið 2015–2019.

Gæðagreinum er ætlað að svara þremur spurningum: Hvernig stöndum við okkur?; Hvernig vitum við það?; Hvað gerum við næst? Þeir eru jafnframt notaðir til þess að finna sterkar hliðar, finna þætti sem leggja þarf áherslu á til að viðhalda gæðum eða auka þau, gera þróunaráætlanir og gefa til kynna gæði skólans. Skólastarfinu er skipt upp í níu lykilþætti sem flestir greinast í tvo eða fleiri undirþætti.

Af öðrum sjálfsmatsaðferðum í MB má nefna samræmdar viðhorfskannanir meðal útskriftarnema sem gerðar hafa verið árlega síðan 2013. Þar er spurt sautján spurninga sem taka til náms í skólanum, samskipta innan hans, ýmissa þjónustubátta og framtíðaráforma. Þátttaka hefur verið góð (77–91%) en hafa ber í huga að um fremur fáa einstaklinga er að ræða hverju sinni.

Kennslumat var gert um árábil en vegna dræmrar þátttöku síðustu ár (um 40%) var það lagt til hliðar skólaárið 2016–2017 en áfram haldnir matsfundir með nemendum. Þeim er svo lýst í *Sjálfsmatsskýrslu 2016–2017* (bls. 37):

Haustið 2011 var tekin upp sú nýbreytni að halda matsfundi með nemendum. Tilgangurinn var að fá betri sýn á hvern áfanga fyrir sig og leyfa nemendum að koma sinni skoðun betur á framfæri við skólastjórnendur. Með því að nota þessa aðferð teljum við að við fáum raunhæfari mynd af skólastarfinu og þessi leið yrði skilvirkari en hefðbundið kennslumat.

**Framkvæmd:** Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur. Fundirnir bæði á haust- og vorönn voru framkvæmdir af aðstoðarskólameistara.

- Í byrjun fá nemendur miða í hendur þar sem þeir skrá niður eitt til tvö atriði um það sem þeim þætti jákvætt við áfangann og eitt eða tvö atriði sem mættu betur fara í áfanganum. Sérstaklega tekið fram að nemendur gætu sagt „pass“ ef þeir hefðu ekkert sérstakt að segja.

- Áður en byrjað var, var tilgangurinn með verkefninu útskýrður sem er að bæta skólastarfið og gefa nemendum tækifæri á að koma skoðunum sínum milliliðalaust til skólastjórnenda.
- Nemendur látnir vita hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar (nafnlausar) á fundi með skólastjórnendum.

**Úrvinnsla niðurstaðna:** Eftir að öllum matsfundum var lokið voru niðurstöðurnar dregnar saman fyrir hvern áfanga. Var viðkomandi kennari kallaður á fund til skólastjórnenda eins fljótt og hægt var þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og fékk hann allar athugasemdir nemenda útprentaðar. Farið var yfir hvernig matsfundurinn gekk fyrir sig, að orðalag væri ekki ritskoðað og þær athugasemdir sem oft voru nefndar væru feitletraðar. Í samtölum við kennara kom fram þeirra upplifun af matsfundunum. Kennarar virtust almennt ánægðir með þessa fundi og voru nokkuð vissir um að niðurstöðurnar gæfu þeim betri mynd af kennslunni.

Skólaárið 2016–2017 voru haldnir tveir matsfundir með þátttöku starfsfólks. Á haustfundinum voru skoðaðar og metnar fullyrðingar sem tengdust skólanámskrá, stefnumótun, áætlanagerð og fjármálum og þeim gefnar einkunnir. Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og í framhaldi af honum var unnin aðgerðaráætlun og skilgreindir ábyrgðaraðilar. Á vorönn var einn matsfundur með þátttöku kennara og tekin til skoðunar þjónusta við nemendur. Niðurstöður matsins voru kynntar á kennarafundi, ásamt tillögum að viðbrögðum. Aðgerðaráætlanir á grundvelli þessara funda fyrir skólaárið 2017–2018 eru birtar í sjálfsmatsskýrslu. Samning þeirra og umsjón með matsfundunum var í höndum aðstoðarskólameistara.

Enn er ótalin rafræn viðhorfakönnun meðal starfsmanna sem fram fór í apríl 2017. Þetta var í fyrsta skipti sem slík könnun var gerð og samanburður við eldri niðurstöður því ekki mögulegur. Svör bárust frá sextán einstaklingum af þeim tuttugu sem könnunin var lögð fyrir. Niðurstöður eru í heild jákvæðar.

### Styrkleikar

- Stefnuskjöl Menntaskóla Borgarfjarðar eru aðgengileg og fullnægjandi.
- Auðvelt er að finna upplýsingar um starfsemi MB á heimasíðu skólans.
- Skipurit MB nær vel yfir starfsemi og skipulag stofnunarinnar.
- Starfslýsingar eru ítarlegar og taka til verk- sem ábyrgðarsviða.
- Ársskýrslur skólameistara veita góðar upplýsingar um skólastarfið.
- Sjálfsmat er reglubundið, vel er utan um það haldið og sjálfsmatsskýrslur draga upp skýra mynd af því sem athugað er.
- Aðgerðaráætlanir í kjölfar matsfunda eru skýrar og skipulegar.

### Tækifæri til umbóta

- Ástæða er til að endurskoða þau atriði sem talin eru marka MB sérstöðu meðal íslenskra framhaldsskóla.
- Ágreiningur er meðal starfsmanna um það hvort skólastefnan sé skýr og óvissa er meðal þeirra um hvort hún endurspeglir í öllum starfsháttum skólans.
- Skólameistari þarf að styrkja stöðu sína sem faglegur leiðtogi innan skóla.
- Yfirstjórn er falið og mikið álag á aðstoðarskólameistara.
- Virkja þarf skólaráð með það að markmiði að auka reglubundið samtal innan skóla.
- Stofna þarf sjálfsmatsnefnd með þátttöku allra hagsmunaaðila í MB til þess að kalla fram sem flest sjónarmið.
- Umtalsverðir ágallar voru á framkvæmd sjálfsmats MB haustið 2017 (sjá inngang).

## Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar)

Námsframboð í Menntaskóla Borgarfjarðar er tiltölulega fábreytt og því er lýst frammar í þessari skýrslu. Grunnur þess eru þrjár bóknámsbrautir og áherslusvið innan þeirra. Allar námsleiðirnar eru vel skilgreindar á heimasíðu skólans. Faggreinamenntaðir kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í flestum áföngum.

Langflestir útskriftarnemar 2013–2017 eru þeirrar skoðunar að nám þeirra í MB komi til með nýtast þeim vel í áframhaldandi námi (*Sjálfsmatsskýrsla 2016–2017*, bls. 13) en þeir hafa ekki verið spurðir beint um álit á fjölbreytni í kennsluháttum. Aftur á móti er spurt um hvað þeim finnst um kennarana sem kenndu þeim og einnig um samskipti við kennara og annað starfsfólk. Kennararnir fá þá umsögn að þeir séu flestir góðir og samskiptin fá mjög jákvæðar undirtektir.

Á vorönn 2016 var einn matsfundur með þátttöku kennara um nám og kennslu undir formerkjum gæðagreina. Niðurstöður fundarins voru eftirfarandi (*Sjálfsmatsskýrsla 2015–2016*, bls. 26):

- Styrkleikar: Við teljum okkur gera okkar besta; Kennslan er gagnvirk, þ.e. samvinna nemenda og kennara er til þess gerð að bæta kennsluna og vinnu nemenda; Mikil fagþekking; Metnaður og áhugi; Faglegur metnaður.
- Veikleikar: Deila reynslu okkar á milli kollega; Mættum fá nemendur til að vera virkari í samtölum; Fáliðuð.
- Tillögur um aðgerðir: Námsmatsfundir; Efla samvinnu nemenda og kennara; Fá sérfræðinga í kennslufræðum og fjölbreyttum kennsluaðferðum á fund með okkur.

Í athugasemdum vinnuhóps kennara við vísbendingar 21–28 segir að smæð skólans sé að nokkru takmarkandi þáttur en kennarar geri sitt besta til þess að hafa kennsluna fjölbreytta og verkefnaþrjú og að þeir reyni að gæta þess að tíminn nýtist vel. Þá segjast þeir leitast við að þjálfar nemendur í að koma fram og rökstyðja mál sitt en vinnufrið í kennslustundum segja þeir misjafnan og fari það eftir nemendahópnum hverju sinni. Í rýnihópi kennara með úttektaraðilum var sammæli um að mikið frelsi sé um kennsluhætti og mjög góð náms-, kennslu- og vinnuaðstaða, nemenda sem kennara, sé í öllum greinum. Sama sjónarmið ríkti í rýnihópi nemenda sem tóku þó fram að vinnufriður sé nokkuð mismunandi í kennslustundum og fari það ekki síst eftir kennurum. Það er áhugaverð niðurstaða en þetta er fjarri því í fyrsta sinn sem upplifun nemenda og kennara er ekki sú hin sama.

Um stuðning við nemendur með sérþarfir (vísbendingar 29 og 30) segir matshópur kennara í athugasemdum sínum að starfsbraut MB sé til fyrirmyndar. Kennslustjóri starfsbrautar tekur undir það og rétt er að ítreka (sjá bls. 15) að brugðist hefur verið við þeim athugasemdum um aðbúnað brautarinnar sem settar voru fram í matsskýrslu úttektaraðila árið 2011 og býr brautin nú að rúmgóðu húsnæði og nægum búnaði. Starfsmaður brautarinnar er aðeins einn og vinnur hann því undir miklu álagi.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur notað leiðsagnarmat frá upphafi en formleg lokapróf í annarlok tíðkast ekki. Námsmats dagar eru því mjög fáir í skólanum og þeir nýttir til kennslu. Notaðar eru ýmsar matsaðferðir, s.s. einstaklings-, para- og hópverkefni og próf. Gerð er krafa um að a.m.k. 50% af námsmati áfanga byggji á vinnu nemenda í kennslustundum. Greinargóðar upplýsingar um leiðsagnarmatið eru á heimasíðu MB og þar segir að kennari veiti

hverjum nemanda um sig almenna umsögn og leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum, sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru þrisvar á önn. ... Í grundvallaratriðum er leiðsögn á vörðum þrískipt: Mjög gott (öllum markmiðum náð); í lagi (helstu markmiðum náð); ófullnægjandi (markmiðum ekki náð). Við þetta bætast síðan nánari leiðbeiningar kennara um hvað nemandi þarf að bæta til að ná markmiðum áfangans.



Til þess að meta árangurinn af matsaðferðum MB var viðhorfakönnun lögð fyrir kennara í október 2016 og hópur nemenda var fenginn til í að rýna í námsmatið. Niðurstöður voru síðan teknar saman í ítarlegri skýrslu sem er birt á heimasíðu skólans. Undir lok hennar segir höfundur hennar, aðstoðarskólameistari:

Niðurstöður úr þessari litlu viðhorfakönnun benda til þess að ekki er alltaf samræmi á milli þess sem kennarar segja varðandi námsmatið og þess sem nemendur upplifa. Kennararnir eru óvissir með hugmyndafræði leiðsagnarmatsins og það vantar meiri tíma til samráðs, umræðna og eftirfylgni stjórnenda. Nemendur þurfa líka að fá betri og nákvæmari upplýsingar um námsmat skólans, hvornig þeir verða metnir og hver þeirra þáttur í matinu er. En þrátt fyrir alla vankanta þá er það gleðiefni að nemendur og kennarar eru sammála þeirri fullyrðingu að leiðsagnarmat gefi gleggri mynd af námsgengi nemenda en lokamat (Lilja S. Ólafsdóttir, bls. 15).“

Það er sameiginlegt álit matshóps kennara í aðdraganda ytra mats, rýnihópa nemenda sem kennara og skólastjórnenda að núverandi fyrirkomulag námsmats í MB sé í meginatriðum gott, niðurstöður matsins séu að jafnaði nýttar til umbóta og halda beri áfram á sömu braut.

Matshópur kennara segir í athugasemdum sínum að kennarar séu duglegir við að sækja sér endurmenntun sem sé ekki síst mikilvægt í ljósi smæðar skólans og þess að margir eru einyrkjar í starfi. Í samtölum var rætt um mikilvægi sameiginlegs skólaþings framhaldsskólanna á Vesturlandi þar sem kennurum gefst kostur á að bera saman bækur sínar. Skólameistari segir kennara reglulega hvatta til þess að sækja sér endurmenntun.

Námsgögn eru sambærileg við þau sem almennt eru notuð í bóknámsskólum og nokkuð mismunandi eftir námsgreinum. Notkun rafrænna námsgagna er mikil og námsumsjónarkerfið Moodle er almennt notað. Mjög vel er nú sinnt um viðhald tölvukerfis og tölvubúnaðar. Skólinn hefur hins vegar hvorki brugðist við ábendingum í ytra matsskýrslu frá 2011 um að koma sér upp skólabókasafni sem þjónar bæði nemendum og kennurum né heldur að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing til skólans. Engin áform eru um slíkt. Skólameistari segir það of dýrt og gott samstarf við Héraðsbókasafn Borgarfjarðar komi í staðinn. Um þetta atriði er ekki einhugur innan skóla.

### **Styrkleikar**

- Faggreinamenntaðir kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í flestum áföngum.
- Langflestir útskriftarnemar eru ánægðir með skólann sinn.
- Gæðagreinar hafa reynst vel við að meta árangur af skipulagi náms og kennslu.
- Náms-, kennslu- og vinnuaðstaða, nemenda sem kennara, er í alla staði góð.
- Aðstaða starfsbrautar er til fyrirmyndar og nemendum er vel sinnt.
- Öflug umræða er um námsmat í MB og greinargóðar upplýsingar fyrirbyggjandi um bæði framkvæmd þess sem álit nemenda og kennara með það.
- Mjög vel er sinnt um námsumsjónarkerfi, tölvukerfi og tölvubúnað.

### **Tækifæri til umbóta**

- Námsframboð er tiltölulega fábreytt.
- Manna þarf starfsbraut með fleiri einstaklingum til þess að minnka álag.
- Íhuga þarf alvarlega stofnun sérstaks skólabókasafns og/eða námsvers sem þjónustar bæði nemendur og kennara innan skólans.
- Vinna þarf skipulega að því að rjúfa vissa faglega einangrun kennara sem flestir eru einyrkjar í sinni kennslugrein.

## Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar)

Almennt samkomulag er um það meðal nemenda, kennara, annars starfsfólks og stjórnenda um að gott andrúmsloft ríki í Menntaskóla Borgarfjarðar. Jákvæðni og ánægja einkenni daglegt starf. Skólinn notar ekki Framhaldsskólupúlsinn og þess vegna er ekki unnt að bera nemendahóp hans með marktækum hætti saman við nemendur í öðrum framhaldsskólum hvað ánægjustuðul varðar. Þeir hafa hins vegar verið spurðir um líðan sína í skólanum á haustönnum 2015 og 2016 og á vorönn 2017. Niðurstöður eru mjög sambærilegar á milli ára. 80–84% eru því mjög eða frekar sammála að þeim líði vel, 14–16% segja líðan sína í lagi og 2–6% segjast vera því mjög eða frekar ósammála. Eftirtektarvert er að fjölgandi fer í síðasttalda hópnum ár frá ári og kemur það heim við álit náms- og starfsráðgjafa (*Sjálfsmatsskýrsla 2016–2017*, bls. 11 og 44).

Útskriftarnemar 2013–2017 hafa ekki verið spurðir beint um persónulega líðan sína en fá þess í stað spurningu um það hvernig þeim finnst skólaandinn í MB. Niðurstöðunum ber að taka með þeim fyrirvara að tiltölulega fá svör eru að baki hverju sinni þótt þátttakan sé allgöð, 77–91%, eins og áður hefur komið fram. Eftirtektarvert er að þrír útskriftarárgangar af fimm segja skólaandann mjög góðan í aðeins 19–21% tilvika en tveir í 35–40% tilvika. Flestir telja hann góðan, 50–67%, en tvisvar sinnum, 2015 og 2016, var fullur fjórðungur útskriftarnema þeirrar skoðunar að skólaandinn hafi einungis verið sæmilegur. Þar geta sérstakar en ótilgreindar ástæður legið að baki og vorið 2017 var þessi hópur kominn niður í aðeins 5%.

Þar sem gæðagreinarnir taka ekki til almennrar líðanar nemenda í skólanum verður ekki frekar fullyrt um nákvæma stöðu en rétt er að vísa aftur til orða náms- og starfsráðgjafa sem segir að þótt flestir nemendur komi í viðtöl til þess að leita sér upplýsinga um námið, námsframvindu og námsáætlanagerð, sé líka stór hópur sem „kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra s.s. vegna kvíða, sértækra námserfiðleika, erfiðleika í samskiptum o.fl. Fer þessi hópur stækkandi og eykst umfang þeirra mála jafnhliða“ (*Sjálfsmatsskýrsla 2016–2017*, bls. 44).

Gildi skólans koma vel fram í skólanámskrá en óvíst er hversu skipulega er unnið með þau í daglegu starfi. Skólareglur eru skýrar og leggja áherslu á ábyrgð allra hlutaðeigandi aðila. Þær taka til nemenda, kennara og annars starfsfólks en skilgreind viðurlög við brotum taka aðeins til nemenda.

Nemendafélag MB, skammstafað NMB, hefur starfað frá stofnun skólans. Í stjórn eru fimm nemendur og eru þeir allir kosnir í almennum kosningum. Um hlutverk félagsins segir á heimasíðu MB: „Nemendafélagið gegnir þeirri ábyrgð að vera tengiliður nemenda og stjórnenda skólans ásamt því að standa fyrir skemmtilegum uppákomum fyrir nemendur skólans.“ Á sama stað eru taldir upp viðburðir sem félagið stendur fyrir eða kemur að með öðrum hætti. Eftirfarandi er nefnt: Opin hús í nemendarými í kjallara skólans, nýnemaferð, söngkeppni, Lazer Tag mót, West Side, vordagar, sameiginleg árshátíð nemenda, starfsfólks og gesta. Þá aðstoðar nemendafélagið við uppsetningu leiksýningar sem Leikfélag MB stendur fyrir ár hvert. Söngkeppni er haldin til þess að velja fulltrúa í söngkeppni framhaldsskólanna og tvö efstu sex manna liðin í Lazer Tag mótunum keppa fyrir skólans hönd á framhaldsskólamóti í Lazer Tag. West Side er íþróttakeppni milli þriggja skóla á Vesturlandi: MB, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Loks eru starfræktir nokkrir klúbbar á vegum nemenda.

Stjórn NMB og félagsmálafulltrúi telja að nokkuð vel takist til með að halda úti félagslífi en í almennum rýnihópi nemenda var sagt að þótt reynt sé að gera það sé smæð hópsins óneitanlega hamlandi þáttur. Það er örugglega rétt því allur gangur er á því hvort útskriftarnemar 2013–2017 segjast hafa verið virkir í skipulögðu félagslífi NMB meðan á skólavist þeirra stóð.

Ákveðnar vonir eru bundnar við að NMB á einn fulltrúa í Ungmennaráði Borgarbyggðar. Samkvæmt erindisbréfi á það að gera „tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks“ og eitt sjö skilgreindra hlutverka ráðsins er

„að efla tengsl nemenda Menntaskóla Borgarfjarðar og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda Menntaskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk.“

Stjórn skólans styður við félagsstarf nemenda með niðurgreiðslu ferða og tækja, með því að leggja til rúmgóða félagsaðstöðu og með því að launa hlutastarf félagsmálafulltrúa. Samstarf stjórnar NMB og stjórnenda MB er gott.

Foreldraráð er kynnt á heimasíðu MB í samræmi við fyrirmæli laga. Það á fulltrúa í skólanefnd en starfsemi þess er lítil og ómarkviss. Fundargerðir eru ekki skráðar og engar almennar upplýsingar eru aðgengilegar um starfsemi þess. Að mati fulltrúa í ráðinu hafa forráðamenn skólans lítið lagt af mörkum til þess að upplýsa þá um hlutverk sín og blása lífi í starfsemi ráðsins.

Í vísbendingum 57–59 er spurt um skráð og virk tengsl MB við önnur skólastig og aðila utan skóla um nám nemenda. Stærstur hluti nemenda kemur úr Grunnskólanum í Borgarnesi og Grunnskóla Borgarfjarðar sem báðir eru reknir af sama sveitarfélagi. Vegna nálægðar skólanna við MB gætu samskipti verið mikil en í reynd takmarkast þau við árlega fundi skólastjórnenda en engin formleg samskipti eru á milli skólanefnda. Að mati skólameistara er eðlilegt að ekki séu formleg samskipti á milli þessara aðila vegna mismunandi eignarhalds og rekstrarforms skólanna. Samskipti á milli kennara eru lítil, þó helst í kjarnagreinum, og aðallega vegna kunningjatengsla.

Grunnskólanemar geta tekið staka áfanga í MB en fáir nýta sér það. Búfræðisvið náttúrufræðibrautar er skipulagt í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og núverandi formaður skólanefndar MB er rektor Háskólans á Bifröst. Af þessu leiðir að tengingar við háskólastigið í nærsamfélaginu eru til staðar og dæmi eru um ferðir nemendahópa á Bifröst til þess að sækja fyrirlestra um afmörkuð viðfangsefni. Spurning/vísbending um tengsl við atvinnulífið á í reynd aðeins við um nemendur starfsbrautar og hafa þau gengið vel.

### **Styrkleikar**

- Skólabragur í Menntaskóla Borgarfjarðar virðist góður.
- Nemendafélag NB heldur úti allöflugu félagslífi miðað við stærð skólans.
- Stjórnendur MB styðja vel við starfsemi nemendafélagsins.
- Drjúg samskipti eru við háskólastigið í nærumhverfi MB.
- Nemendur starfsbrautar eiga að jafnaði greiðan aðgang að starfsþjálfun í nærumhverfi sínu.

### **Tækifæri til umbóta**

- Próa þarf og taka upp matsaðferð sem mælir með óyggjandi hætti líðan nemenda í skólanum.
- Endurskoða þarf skólareglur og viðurlög við þeim með það að markmiði að brot á reglum taki til allra, ekki aðeins nemenda.
- Foreldraráðið þarf að efla og virkja til frekara samstarfs innan skóla.
- Stefna ber að auknum samskiptum á milli grunn- og framhaldsskólakennara í Borgarbyggð með það að markmiði að samhæfa áherslur og auka samfellu innan einstakra námsgreina.

## Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar)

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur yfir að ráða fullnægjandi húsnæði fyrir þá starfsemi sem þar fer fram og vel það. Húsinu er svo lýst í *Skólanámskrá 2016*, (bls. 57):

Menntaskóli Borgarfjarðar er starfræktur í mennta- og menningarhúsi Borgarfjarðar [Hjálmakletti]. Húsnæðið er á tveimur hæðum og auk þess er kjallari í húsinu. Húsnæðið er hannað með sveigjanlega kennsluhætti í huga. Sex góðar kennslustofur eru í húsnæðinu auk þess sem til staðar eru tvær minni stofur sem nýttar eru undir starfsemi starfsbrautar. Í húsnæðinu eru opin rými sem nýst geta fyrir verkefnavinnu nemenda. Ein kennslustofan býður upp á að henni sé skipt upp í tvær minni með hreyfanlegu skilrúmi. Hátíðarsalur skólans er einnig notaður undir kennslu. Ein af kennslustofunum er fullbúin raungreinastofa með læstum hirslum fyrir hættuleg efni, tilraunaborðum fyrir 12 nemendur og öllum lögboðnum öryggistækjum sem eiga að vera til staðar í rannsóknarstofu. Í skólanum er þráðlaust net sem nemendur og kennarar hafa aðgang að. Í öllum kennslustofum eru tjöld, töflur og skjávarpar. Aðgengi fyrir fatlaða er gott og lyfta er í húsinu. Bókasafn skólans er á fyrstu hæð. Mötuneyti er einnig á fyrstu hæð og þjónar það bæði nemendum og starfsmönnum. Aðstaða fyrir kennara er á annarri hæð, þar er kaffistofa starfsfólks og skrifstofa skólans sem þjónar bæði kennurum og nemendum. Í kjallara skólans er skrifstofa Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar og stór salur fyrir félagsaðstöðu nemenda.

Aðeins ein athugasemd skal gerð við þessa lýsingu, sú að bókasafn er ekki til staðar í húsinu. Í *Ársskýrslu 2016* eru þær viðbótarupplýsingar að hið leigða húsnæði sé samtals 1890 fermetrar að stærð og að íþróttakennsla fari fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

Mikil ánægja er með húsið meðal nemenda sem starfsmanna og rúmt er um starfsemina. Þar sem skólinn deilir byggingunni með sveitarfélaginu getur orðið núningur á milli aðila vegna einstakra atriða en litið er á það sem viðfangsefni en ekki vandamál. Þá gilda ákveðnar takmarkanir af hálfu arkitekts hússins um það hvað má hengja á vegg og hvar.

Eldhús mötuneytisins er hannað sem framreiðslueldhús en ekki til þess að matreiða frá grunni sem þó er reyndin. Af því leiðir að eldhúsið ræður að mati matræðs við þá eftirspurn sem nú er en ekki meira. Langflestir útskriftarnemar 2013–2017 gefa matseðlinum góða eða mjög góða einkunn.

Það að íþróttaiðkun fer fram í íþróttamiðstöð bæjarins er algerlega ágreiningslaust enda er aðstaða þar öll hin besta.

### Styrkleikar

- Húsnæði MB er í alla staði fullnægjandi og það rúmar vel þá starfsemi sem þar fer fram.
- Vel er hugsað um skólahúsið og umgengni er góð.
- Félagsaðstaða nemenda er rúmgóð og fullnægjandi.
- Vinnuaðstaða starfsmanna er fullnægjandi.
- Mötuneytisaðstaða er rúmgóð og almenn ánægja er með þjónustu þess.
- Mikil ánægja er með íþróttaaðstöðu skólans í íþróttamiðstöð Borgarness.

### Tækifæri til umbóta

- Ástæða er til þess að hugleiða hvort opna eigi rýmið sem hýsir aðstöðu kennara, kaffistofu starfsfólks og skrifstofu skólans með einhverjum hætti. Núverandi skipulag er lokað og á vissan hátt fráhrindandi fyrir þá sem að koma.
- Lóð skólans er fremur óaðlaðandi.

## Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar)

Vísbendingar þessa kafla (67–78) er erfitt að meta vegna þess að lítið er um að töluleg gögn séu til staðar. Af því leiðir að huglægt mat ræður allmiklu um það hvernig svarað er.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur hvorki sett sér markmið um hvað teljast ásættanlegar framfarir í námi né heldur um ásættanlegt útskriftarhlutfall (vísbendingar 67 og 68). Skólinn fylgist hins vegar vel með námsgengi nemenda sinna og þar gegna vörðurnar þrjár á hverri námsönn ákveðnu lykilhlutverki. Þær veita tækifæri til þess að fylgjast jafnt og þétt með gengi einstaklinga sem námshópa. Engin tölfræðileg úrvinnsla hefur farið fram á þeim upplýsingum sem hafa safnast saman í gegnum árin og þess vegna verður ekki lagt hlutlægt mat á það hvort og þá hversu mikið meðalnemandinn bætir við sig í mælanlegum námsárangri meðan á skólavist hans stendur.

MB á eins og aðrir framhaldsskólar við brotthvarfsvanda að stríða, eins og kemur fram í töflu 9, og óheimilar fjarvistir úr tímum eru sömuleiðis drjúgar. Af fyrirliggjandi upplýsingum verður ekki séð að skólinn hafi náð neinum árangri á þessu sviði síðustu ár þrátt fyrir að tækifæri til þess séu góð, ekki síst vegna þeirrar miklu nándar sem jafnan einkennir fámenna skóla. Í athugasemdum matshóps kennara við þennan þátt segir að ef nemandi tekur að dragast aftur úr í námi sé „tekið í taumana strax í fyrstu vörðu sem fylgt er eftir með samtölum við umsjónarkennara, námsráðgjafa og jafnvel foreldra.“ Fleira er tínt til um viðbrögð skólans en þau virðast ekki duga til merkjanlegs árangurs.

Sex vísbendingar lúta að grunnþáttunum sex og það hversu vel nemendur hafi tileinkað sér þá. Það er erfitt eða ómögulegt að meta þær allar af nákvæmni en í athugasemdum vinnuhóps skólans eru tínd til ýmis atriði sem styðja það að nemendur hafi haft tækifæri til þess að ná þeim markmiðum sem nefnd eru. Meðal þess sem kemur fram í punktum vinnuhópsins er að nemendur hljóti þjálfun í læsi á hugtök, gröf, tölur og texta og að kennarar séu meðvitaðir um að þeir þurfi allir að koma þar að verki (vísbending 70); sagt er að nemendur hafi oft frjálssar hendur við kynningu verkefna sinna og þá sé gjarnan gripið til fjölbreyttra sem hefðbundnari aðferða (vísbending 71); nefnt er að á þemadögum haustið 2016 hafi lýðræði og mannréttindi verið sérstaklega á dagskrá en einnig sé þeim hugtökum fléttað inn í áfangalýsingar (vísbending 72); um jafnrétti er það nefnt að kynjafræði sé skylduáfangi í skólanum og MB hafi að auki bæði jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun (vísbending 73); í framhaldi af því er minnt á heilsustefnu skólans og að hann er heilsueflandi framhaldsskóli (vísbending 74); skólinn er grænánaskóli, úrgangur er flokkaður og lífrænn úrgangur fer t.d. í dýrafóður, auk þess er MB aðili að alþjóðlegu samstarfsverkefni um umhverfismál (vísbending 75). Þetta eru allt gildar ábendingar en þær segja ekki til um hversu vel nemendur hafa í reynd tileinkað sér grunnþættina sex.

Þess ber að gæta að innra skipulag Nemendafélags MB segir nokkuð til um það að nemendur hafa tileinkað sér ákveðnar lýðræðislegar aðferðir þar eð þeir bjóða sig fram til trúnaðarstarfa á vegum félagsins og síðan fara fram kosningar. Þá er stjórn félagsins meðvituð um að henni ber að gæta hagsmuna nemenda gagnvart skólayfirvöldum ef til slíks kemur og nemendur eru virkir aðilar að starfi Ungmennaráðs Borgarfjarðar eins og áður hefur komið fram.

Annað dæmi um lýðræðislegt starf í MB eru þjóðfundir nemenda sem fram hafa farið 2014 og 2016 og sá næsti er áformaður á vorönn 2018. Á þessum fundum hafa nemendur meðal annars rætt um sérstöðu skóla síns og framtíðarsýn sína fyrir hönd skólans. Stjórn fundanna hefur verið í höndum skólastjórnenda og kennarar hafa verið til aðstoðar. Í framhaldi af vinnu nemenda á þjóðfundi var haldinn stefnumótunarfundur meðal kennara, stjórnenda og skólastjórnar MB í október 2016 og ýmis málefni rædd. Næsta skref var að skólameistari vann aðgerðaráætlun á vorönn 2017 sem lögð var fyrir stjórn og á haustönn þetta sama ár unnu þrjú vinnuhópar kennara að mismunandi verkefnum sem tilgreind eru í áætluninni. Nemendur áttu

ekki aðild að því starfi en þessi vinna er engu að síður til marks um það að skólinn vill endurskoða sjálfan sig reglulega og þróast í takt við umhverfi sitt.

Skólinn fylgist ekki með reglulegum hætti með því hvernig nemendum hans nýtist skólagangan að loknu stúdentsprófi og engin haldbær gögn eru um það hvernig nám nemenda hefur nýst þeim á öðrum vettvangi að lokinni framhaldsskólagöngu. Kannanir meðal útskriftarnema eru góðar svo langt sem þær ná en þær segja aðeins til um væntingar til framtíðar en ekki raungengi í námi að lokinni skólagöngu í MB.

### **Styrkleikar**

- MB fylgist vel með námsgengi nemenda sinna.
- Skólinn gerir ýmislegt til þess að innleiða grunnþætti menntunar í daglegt starf.
- Nemendafélag MB notar lýðræðislegar aðferðir í innra starfi sínu.
- Þjóðfundir nemenda og vinnuhópar kennara um stefnumótun eru til marks um lýðræðislega samræðu og samvinnu.

### **Tækifæri til umbóta**

- Skólinn getur nýtt sér niðurstöður úr vörðum hvernig annar til þess að fá skýra tölfræðilega mynd af hvoru tveggja raunverulegu námsgengi einstakra nemenda og skilgreindra nemendahópa.
- Vinna þarf að gæðamælikvörðum sem taka til þess hversu vel tekst að vinna með grunnþætti menntunar í daglegu skólastarfi.
- Eðlilegt er að nemendur taki umsjón og stjórn þjóðfunda alfarið í sínar hendur.
- Eðlilegt er að nemendur eigi aðild að vinnuhópum um stefnumótun skólans.
- Afla þarf upplýsinga um raunverulegt gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi og í atvinnulífi.

## Viðauki: Heimildir og tilvísanir

Tölulegar upplýsingar um MB í fyrri hluta skýrslunnar byggja aðallega á innsendum gögnum frá skólameistara, ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum skólans. Hér eru nefndar skriflegar og munnlegar heimildir og önnur gögn sem styðja beint við mat á einstökum þáttum í síðari hlutanum. Upplýsingar af heimasíðu eru ekki tilgreindar með vefslóðum og látið er nægja að flokka helstu heimildir eftir matsþáttunum fimm. Hvorki er vísað til ákveðinna rýniviðtala við tiltekna vísbendingar vegna rekjanleika til nafngreindra einstaklinga né heldur er vísað til heimilda um mat á hverri þeirra fyrir sig. Um það hvernig skólinn stóð að eigin mati á einstökum vísbendingum vísast til inngangs skýrslunnar.

Mats- þættir	Heimildir
1–18: Stjórnun og skípu- lag	<i>Ársskýrslur Menntaskóla Borgarfjarðar 2012–2016</i> . Sóttar á heimasíðu MB 15. september 2017.
	Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2011). <i>Menntaskóli Borgarfjarðar: úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti</i> .
	Gögn frá skólameistara.
	Matshópar MB vegna ytri úttektar.
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í MB.
	<i>Sjálfsmatsskýrslur MB 2012–2017</i> . Sóttar á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Skipurit MB</i> . Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Skólanámskrá MB</i> . Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Skólasamningur 2013–2017</i> . Sóttur á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Stefna MB 2013–2017</i> . Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Stefnuskjöl MB</i> . Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Stjórnir og ráð [MB]</i> . Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
19–43: Kennsla og náms- framboð	<i>Aðalnámskrá framhaldsskóla</i> .
	<i>Ársskýrslur MB 2012–2016</i> .
	Gögn frá skólameistara.
	Lilja S. Ólafsdóttir. (2016). <i>Leiðsagnarmat í Menntaskóla Borgarfjarðar: hvernig hefur okkur miðað?</i> Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	<i>Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008</i> .
	Matshópar MB vegna ytri úttektar.
	<i>Námsmat</i> . Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í MB.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla 2016–2017</i> .
	<i>Skólanámskrá MB</i> .
44–56: Samskipti og líðan	Gögn frá skólameistara.
	Matshópar MB vegna ytri úttektar.
	Nemendafélagið. Sótt á heimasíðu MB 15. september 2017.
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í MB.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla 2016–2017</i> .
	<i>Skólanámskrá MB</i> .
Ungmennaráð Borgarbyggðar. Sótt á heimasíðu Borgarbyggðar 3. október 2017.	

57–65: Húsnæði og aðbún- aður	<i>Ársskýrsla MB 2016.</i> Matshópar MB vegna ytri úttektar. Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í MB. <i>Skólanámskrá MB.</i>
66–79: Lykil- árangur	<i>Ársskýrsla MB 2016.</i> Gögn frá skólameistara. Matshópar MB vegna ytri úttektar. Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í MB.



Menntaskóli Borgarfjarðar  
Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólameistari  
Borgarbraut 54  
310 Borgarnes

Akureyri 4. maí 2017

## Efni: Úttekt á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar

Eins og fram kemur í bréfi Menntamálastofnunar dags. 5. apríl 2017 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Menntaskóla Borgarfjarðar. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirbyggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 18. september nk.:

- *Ársskýrslur 2015 og 2016.*
- *Sjálfsmatsskýrslur 2015 og 2016.*
- *Gildandi skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti.*
- *Upplýsingar um árlegan kennslutíma (skólaár 2015-2016 og 2016-2017).*
- *Upplýsingar um nemendur:*
  - *Fjöldi dagskólanemenda vor og haust 2013–2017 (sjá töflu 1 á fylgiblaði).*
  - *Aðsókn í fjarnám haust 2013 til hausts 2017 (sjá töflu 2 á fylgiblaði).*
    - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2016 og vor 2017. (Sjá töflu 3 á fylgiblaði)?*
    - *Fjöldi dagskólanemenda á haustönn 2016 og vorönn 2017 eftir aldri og kynjum (Sjá töflu 4 á fylgiblaði).*
    - *Fjöldi innritaðra fjarnemenda á vorönn 2017 og haustönn 2017 (sjá töflu 5 á fylgiblaði).*
  - *Þróun í innritun nýnemenda að hausti frá 2013–2017 (sjá töflu 6 á fylgiblaði).*
  - *Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2013–2017 greind eftir kynjum (sjá töflu 7 á fylgiblaði).*
  - *Meðalstærð námshópa haust 2016 og vor 2017.*
  - *Fjarvistarskráning nemenda haust 2016 og vor 2017 (sjá töflu 8 á fylgiblaði).*
  - *Brotthvarf nemenda vor og haust 2013–2017 (sjá töflu 9 á fylgiblaði).*
  - *Brautskráningar eftir námsbrautum 2013–2017 (sjá töflu 10 á fylgiblaði).*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
  - *Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum að hausti 2017 (sjá töflu 11 á fylgiblaði).*
  - *Starfsaldur kennara við a) MB og b) aðra skóla.*
  - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
  - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum, haust 2016 og vor 2017.*
  - *Menntun kennara (sjá töflu 12 á fylgiblaði).*
    - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara og forfallakennslu á vorönn 2017.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2017.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu (t.d. í viðauka við skólasamning).*
- *Umbótaáætlun í ljósi ytri úttektar 2011 ásamt stuttu mati á hvernig til hafi tekist.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að heimsækja skólann dagana 25. og 26. september. Ef einhver vandkvæði eru á því að taka á móti okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

<b>Mánudagur 25. september</b>	
11:00-11:45	Vettvangsathugun með skólameistara
12:45-13:45	Viðtal við skólameistara
14:00-14:45	Rýnihópur nemenda (átta nemendur valdir af nemendaráði)
15:00-15:45	Kennarar
16:00-16:45	Verkefnisstjóri innra mats
<b>Þriðjudagur 26. september</b>	
8:30-9:00	Fjármálastjóri og skólafulltrúi
9:15-9:45	Náms- og starfsráðgjafi
10:00-10:30	Stjórn nemendafélags og félagsmálafulltrúi
10:45-11:15	Annað starfsfólk
	Húsvörður
	Ræstir
	Matráður
11:30-12:00	Sérkennari og stuðningsfulltrúi
13:00-13:30	Umsjónarmaður tölvukerfis
13:45-14:15	Foreldraráð
14:30-15:00	Formaður skólanefndar
15:15-16:00	Aðstoðarskólameistari

Við munum leita eftir því við formann nemendafélagsins að velja nemendur í rýnihóp og boða til fundar við okkur. Óskum við eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við framangreint og boði til viðræðna við úttektaraðila skv. töflu. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra að höfðu samráði við undirritaða.

Með bestu kveðju.

